



Dagsetning: 5. september 2023
Málsnúmer: 2308164/13.0

Til Umhverfis og skipulagsnefnd

MINNISBLAÐ

Efnið varðar ósk Elínar Rúnar Sizemore að koma að málun á ruslatunnum sveitarfélagsins sem eru í almenningssrýmum. Sérstaklega Eskifirði. Og erindið fái efnislega meðferð hjá Umhverfis og skipulagsnefnd.

Nokkur svipuð erindi hafa að undanfögnu borist úr samfélagin, m.a. á Breiðdalsvík en hefur verið svarað neitandi fram til þessa..

Greindargerð.

Eftirfarandi erindi barst í ábendingakerfi 22.8.2023 (AB2308046):

Sæl Ég sá í Vestmanneyjum að ruslutunnur þar eru fallega málaðar allstaðar. Ég held að þetta yrði mjög skemmtilegt á Eskifirði. Mig langaði að athuga hvernig er best að snúa sér í þessu upp á að fá leyfi fyrir því frá Fjarðabyggð. Það er fullt af listrænu fólki hérna á Eskifirði sem myndi hafa gaman að því að taka þátt í svona verkefni. Hólagull sem við hjónin eigum væri til í að styrkja verkefni af þessu tagi með málningarkostnað og pensla. Kv. Elín Rún Sizemore

Erindinu var svarað af RIH 22.8.2023 með tölvupósti:

Sæl. Takk fyrir sýningu. Þetta er snyrtilegt að sjá. Svipuð erindi hafa borist að undanfögnu til mín og afgangur verður á þann veg Fjarðabyggð leyfir ekki slíkar breytingar á sínum ílátum ætluðum fyrir úrgang. Ýmis rök geta hnigið að báðum niðurstöðum. Í einhverjum tilvikum getur t.d. verið um leigðan búnað að ræða. Slíkt erindi væri annars hægt að leiða fyrir Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Rúnar Ingi Hjartarson

Verkefnastjóri umhverfismála